

Vaktir á lyf- og skurðlækningadeildum

Til upplýsinga um breytingar frá 12. júní 2023

Frá og með byrjun júní 2023 munu sérnámsgrunnslæknar á tilteknum deildum, sem teljast til tímabils utan skyldumánaða, taka vaktir á lyf- og skurðlækningadeildum. Þetta er gert til að auka líkurnar á að námslæknar fái þennan hluta sérnámsgrunnársins metinn erlendis og að þessi tími verði m.a. metinn sem jafngildur BT í Svíþjóð, LIS1 í Noregi og KBU í Danmörku. Mikilvægt þótti að geta áfram boðið upp á fjölbreytta valmöguleika á sérnámsgrunnárinu. Í nágrannalöndunum eru aðeins grunndeildir eins og lyf-, skurð-, bráða- og geðdeildir taldar til sérnámsgrunns og því einstakt að hafa jafn fjölbreytt val og hér er.

Þessi ákvörðun var tekin af nefnd um sérnámsgrunn og á við um Landspítala og Sjúkrahús Akureyrar.

1. Sérnámsgrunnslæknar á eftirfarandi sviðum/deildum taka vaktir á lyflækningadeildum samhliða öðrum rötationum:

- Barnspítala Hringins
- Húð- og kynsjúkdómalækningadeild
- Líknardeild
- Endurhæfningardeildum

Viðmiðið er að hver námslæknir taki 2 - 4 vaktir sem ekki rekast á dagvinnu á hverju tveggja mánaða tímabili í blokkinni.

2. Sérnámsgrunnslæknar á eftirfarandi sviðum/deildum taka vaktir á skurðlækningadeildum samhliða öðrum rötationum:

- Augndeild
- Kvennadeildum
- Meinafræði

Viðmiðið er að hver námslæknir taki 2 - 4 vaktir sem ekki rekast á dagvinnu á hverju tveggja mánaða tímabili í blokkinni.